

Dagsetning 29. febrúar 2012

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögnum Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022, **mál 393** og tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2011-2014, mál 392.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun telur að breyttar áherslur í samgönguáætlun 2011-2022 séu betur samræmdar æskilegum áherslum í byggðamálum, en í fyrri áætlunum. Meira virðist horft til að bæta samgöngur innan samgöngusvæða í stað áherslu á að stytta ferðatíma allra til og frá höfuðborginni.

Þessari áherslu fylgir að nauðsynlegt er að skilgreina þjónustukjarna innan hvers svæðis. Þessa vinnu er eðlilegt að tengja við sóknaráætlanir landshlutanna og Byggðaáætlun 2010-2013. Byggðastofnun hefur unnið að skilgreiningu vinnusóknarsvæða í nánú samráði við atvinnuþróunarfélög og telur að sú vinna geti nýst við skilgreiningu þjónustukjarna í samræmi við 3. gr. athugasemda með Byggðaáætlun 2010-2013. Nauðsynlegt kann að vera að endurskoða samgönguáætlun, ef sóknaráætlanir landshluta fá aukið vægi.

Ýmislegt bendir til að áhugi stjórnvalda á miðlægu vægi höfuðborgarinnar í stjórnsýslu fari minnkandi og hugmyndir um valddreifingu njóti vaxandi stuðnings. Þar má nefna áætlunina Ísland 2020, sóknaráætlanir landshluta og flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Á samgöngusviði er hlutverk Reykjavíkflugvallar í óvissu og framkvæmdum við samgöngumiðstöð á höfuðborgarsvæðinu hefur verið frestað. Þá hafa ríkisvaldið og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu gert sín á milli viljayfirlýsingu um tilraunaverkefni í almenningssamgöngum og samhliða frestað stórum vegaf framkvæmdum í tengslum við það. Allt hefur þetta áhrif á tengsl höfuðborgarinnar við önnur svæði og þjónustuhlutverk hennar.

Á ákveðnum stöðum er mörkuð sú stefna í áætluninni að færa hringveg út fyrir íbúðabyggð, m.a. í Borgarnesi og á Selfossi, einkum með tilliti til umferðaröryggis, en það hefur einnig áhrif á hve greiðfærar leiðir verða. Að ýmsu leyti má segja að það vanti almennari stefnumörkun í þessum efnum, t.d. að þjóðvegur eitt liggi ekki almennt í gegnum þéttbýlisstaði. Hraðbrautir í öðrum löndum liggja alla jafna utan meginþéttbýlisstaða. Ef svo

er ekki, verður markmiðum um öryggi ekki náð nema með því að færa hámarkshraða verulega niður, sem þá hefur áhrif á hversu greiðar samgöngurnar verða.

Áhersla á aðra ferðamáta en einkabíla er jákvæð, þó að ekki verði séð að aðrar lausnir skipti verulegu máli í næstu framtíð. Líkur eru á að almenningssamgöngur verði í auknum mæli á forræði landshlutasamtaka, en starfssvæði þeirra fara saman við svæði sóknaráætlana landshlutanna. Útfærslur í almenningssamgöngum ættu því að geta verið í höndum heimamanna á hverju svæði.

Samgönguáætlun tekur einkum til samgönguframkvæmda á landi og má gagnrýna að þar komi ekki fram markvissari stefnumörkun í sjósamgöngum og samgöngum í lofti.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
*Sérfræðingur á þróunarsviði
Byggðastofnunar.*